



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við útskrift frá Hringssjá
15. desember 2016**

Góðir gestir!

Ég óska þeim nemendum sem nú útskrifast frá Hringssjá innilega til hamingju með þann mikla áfanga í lífi þeirra. Alltaf er það ánægjuefni þegar fólk lýkur námi og gildir þá einu hver skólinn er. Mér er það hins vegar sérstakt fagnaðarefni að fá að vera með ykkur hér í dag. Þið, sem hafið nú lokið námi og prófum hafið unnið mikinn sigur, yfirstigið hindranir, náð settu marki. Ég hef lesið vitnisburði nokkurra nemenda sem hafa áður útskrifast frá Hringssjá og þykist viss um að þið gætuð haft svipaðar sögur að segja. Ég leyfi mér að vitna hér í nokkra sem hafa áður staðið í þessum sömu gleðisporum og þið eruð í núna:

Ég fór inn full efasemda með höfuðið niður og vissi nákvæmlega hvernig gólfið leit út, fannst ég ekki skipta neinu máli og samfélagið hefði engin not fyrir mig. Mér var hinsvegar tekið opnum örmum. ... Kennararnir eru yndislegasta fólk sem ég hef kynnst og afar færir á sínu sviði. Það er svo gaman að sjá ekki fyrst gólfið heldur horfa framan í fólk og brosa. Stærsti sigurinn er að hafa trú á sjálfum sér.

Annað dæmi:

Mér finnst ég hafa þroskast mikið á þessum mánuðum og hér hafa góðir hlutir gerst. Ég kom boginn inn en gekk teinréttur út.

Og enn annað:

Ég bjóst aldrei við að verða neitt en nú langar mig að fara að læra markaðsfræði. Sjálfstraustið er allt annað. ... Já, mér finnst oft eins og ég lifi bara ekki mínu eigin lífi. Börnin mín trúa þessu ekki einu sinni, og hvað þá ég.

Og að síðustu:

Mig langar að gefa til baka og hjálpa öðrum í svipaðri stöðu og ég var í. Ég get líka sýnt að það er hægt að vinna sig út úr vandamálunum með þrautseigju og jákvæðni. ... Hringssjá er best geymda leyndarmál á Íslandi og þeir sem lenda þar eru afskaplega heppnir ef þeir nýta sér þetta tækifæri, því það er ómetanlegt.

Með því námi sem þið hafið nú lokið getið þið tekið fleiri skref á þeirri braut sem þið veljið, leitað út á vinnumarkaðinn eða fetað áfram menntavegin. Kannski misstigið þið ykkur, kannski verður leiðin torsóttari en þið bjuggust við en kannski opnast ykkur ný og álitleg tækifæri sem ekki eru í auglýsingu núna. Þrátt fyrir áform og ásetning vitum við aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. Hitt er víst að með þeim áfanga sem við fögnum nú öll með ykkur hafið þið sýnt sjálfum ykkur og öðrum að þið getið svo margt. Þið getið sett ykkur markmið, mótað ykkar eigið líf.

Við Íslendingar höfum löngum verið örlagatrúar eins og máltækin sýna: „Eigi má sköpum renna,“ „það mun verða fram að koma sem ætlað er,“ „óhægt mun örlögin að flýja.“ Þetta örlagastef má víða finna í sagnaarfi okkar. Vissulega mótast líf okkar af því umhverfi sem okkur er búið, ákvörðunum annarra sem við fáum ekki haggð. Samt erum við ekki þrælur örlaganna. Um þau efni orti Sigurður Breiðfjörð þessa stöku:

Lát ei kúgast þanka þinn
þegar efni vandast.
Ég skal fljúga á forlögin,
fella þau og standast.

Við höfum frjálstan vilja. Þess vegna er svo brýnt að samfélagið skapi fólki þær aðstæður að það geti spjarað sig, látið drauma sína rætast, að fólk hafi tækifæri til að láta gott af sér leiða. En því fylgir auðvitað ábyrgð – að vera sinnar eigin gæfu smiður, að hafa val um eigið líf.

Ég færi ykkur aftur mínar bestu hamingjuóskir.